

tekim úr herdeild minni og settur í Berkshire-herdeilda, og var með henni í mannskæða Maiwand-bardagnum. Þá kom Jezail-kúla í öxlinu á mér og snerti lífaðina undir viðbeininu. Eg hefði fallið í hendur himna blóðþyrstu Ghazis ef eg ekki hefði notið trygðar og hugrekkis þjónus míns, sem Murray hét. Hann fleygði mér á bak á trússahesti og komst slysalaust með mig til herbúða Breta.

Örmagna af kvöldum og langvarandi hrakningi, sem eg hafði mátt þola, var eg fluttur, ásamt fjölda særðra liðsforingja, á herstöðva-spítalann í Peshawur. Þar fór mér ad skána, og eg var orðinn svo hress, að eg gat gengið um herbergin og jafnvel flatinagað mig í sólskininu úti á svölunum, þegar eg byltist niður í hitasótt, þessum alþekta og versta ófögnudi Indlands. Svo mánuðum skifti var mér ekki hugað líf, og þegar loksns bati komi og eg fór að skríða saman, þá var eg svo máttvana og tærður, að læknarnir álitu nauðsynlegt að senda mig tafarlaust til Englands. Eg var því sendur heim með herflutningsskipinu „Orontes“, og þegar eg lenti í Portsmouth, þá var eg alveg heilsulaus maður, en stjórnin var svo góð að gefa mér núi mán-eña tíma til þess að reyna að fá heilsuna aftur.

Eg átti enga vini né vandamenn á Englandi og var því frjáls eins og loftið — eða eins frjáls eins og nokkur maður getur verið, sem fær ellefu *shillings* og sex *pence* á dag. Undir kringumstæðunum drógst eg náttúrlega til London, þessarar stórkostlegu forargryfju, sem dregur til sín alla flækinga og iðjuleysingja keisaradæniisins með ómótstæðilegu afli. Þar hélt eg til um tíua í privat hoteli á Ströndinni, lifði þægilegu og aðgerðarlausu lífi og eyddi öllum þeim peningum,